



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is



vellíðan fyrir alla

Samantekt, **janúar 2018**. Nánari upplýsingar og upphaflegar fréttir er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, www.sfk.is

Bókasafn Seyðisfjarðar tilkynnti í byrjun árs aðild sína að Rafbókasafni sem býðir að nú geta allir viðskiptavinir tengst því og hlaðið þaðan inn bókum án aukakostnaðar.

Lions klúbbur Seyðisfjarðar býður til sölu vandaða garðbekki, ágóðinn rennur að mestu leyti til góðgerðarmála innan kaupstaðarins. Hægt er að hafa samband við Snorra Jónsson ef fólk hefur áhuga eða vill meiri upplýsingar.

Skíðafélagið í Stafdal býður öllum 6 og 7 ára börnum á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði gefins kort á skíðasvæðið í Stafdal. Frábært framtak hjá skíðafélaginu.

Sundhöll Seyðisfjarðar tilkynnir lokun vegna árlegs viðhalds frá og með 1. febrúar til og með 2. mars.

Heilsueflandi samfélag gaf út drög að dagskrá fyrir árið 2018. Áhersla hópsins verður að efla heilsuvitund íbúa og leggja áherslu á það góða sem er gert í samfélaginu og að gera enn betur. Einnig tók Seyðisfjarðarkaupstaður af skarið og hvetur starfsfólk sitt til að fara í læknisviðtal, til að huga að heilsu sinni.

Ólafur Hr. Sigurðsson var valinn *Austfirðingur ársins* af lesendum Austurgluggans. Ástæða valsins er hversu ötullega Óli hefur unnið að og vakið upp umræðu um sjálfsvíg og geðheilbrigðismál síðast liðið ár.

Þorrablót Seyðfirðinga var haldið laugardaginn 20. janúar sl. Formaður næstu nefndar var kosin Sólrún Friðbergsdóttir. Þurrablót grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla var haldið 25. janúar.

Sveitarstjórnarmál

Snjómokstur

Veturinn hefur verið nokkuð snjóþyngri en undanfarin ár og því reynt talsvert meira á bæjarstarfsmenn og verktaka sem annast mokstur og hálkuvarnir. Á fyrsta fundi bæjarráðs 2018 var samþykkt að fela umhverfisnefnd og bæjarverkstjóra að taka snjómoksturskort og forgang moksturs og hálkuvarna til skoðunar en nokkuð er um liðið síðan það var endurskoðað síðast. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum um breytingar verði talin þörf á.

Húsahtun vegna lokunar á fjarvarmaveitu RARIK ohf.

Þann 9. janúar sat bæjarstjóri fundi með teymi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem vinnur að athugunum á lausnum til húsahtunar á Seyðisfirði. Fundað var með hluta þeirra aðila sem sýnt hafa áhuga á að bjóða miðlægar lausnir. Einnig var farið yfir tilhögun starfa teymisins sem gerir ráð fyrir vettvangsferð til Seyðisfjarðar í febrúar n.k. til að kanna aðstæður. Á þessu stigi er eingöngu unnið út frá því að finna hagkvæma sameiginlega miðlæga laus fyrir bæinn í heild.

Fjarðarheiðargöng

Þann 18. janúar funduðu bæjarráð og forseti bæjarstjórnar með nýjum formanni samgönguráðs þar sem kynnt voru sjónarmið Seyðfirðinga vegna jarðgangagerðar og ræddur undirbúningur vegna samgönguáætlunar. Einnig var fundað með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og embættismönnum í Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um sama efni og farið ítarlega yfir brýna þörf samgöngubóta fyrir Seyðisfjörð.

Hafnargata 11

Þann 18. janúar funduðu bæjarráð og forseti bæjarstjórnar með fjármála- og efnahagsráðherra og sérfræðingi í ráðuneytinu um ástand Hafnargötu 11 og leiðir til endurgerðar hússins. Í framhaldi af þeim fundi var fundað með framkvæmdastjóra Minjaverndar en sem kunnugt er hefur Minjavernd komið að endurbótum og uppgerð fjölda húsa með góðum árangri.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar lagði fram bókun á fundi sínum miðvikudaginn 24. janúar.

„Undanfarna daga hefur óveður gengið yfir landið. Því hafa fylgt talsverðar truflanir á samgöngum og hafa Seyðfirðingar ekki farið varhluta af því sem venja er við slíkar aðstæður.

Fjarðarheiðin hefur verið ófær eða lokuð í á þriðja sólarhring og bíður fjöldi ferðamanna og flutningabíla eftir að komast til og frá ferjunni Norröna, auk hefðbundinnar umferðar vegna atvinnu-, skóla- og þjónustusóknar.

Viðvörðun frá Veðurstofu Íslands þar sem snjóflóðahætta er metin mikil var gefin út á svæðinu enda hafa tvö snjóflóð fallið í Seyðisfirði, rétt fyrir utan byggð í gærkvöldi en um var að ræða meðalstór flóð.

Frá því í nóvember hafa veðurofsi og verulegar truflanir á samgöngum ríkt bæði á Fagradal og Fjarðarheiði. Það sýnir að samgöngur til og frá Seyðisfirði yrðu eftir sem áður jafn ótryggar og óöruggar ef göng undir Fjarðarheiði yrðu látin víkja fyrir lakari kostum svo sem göngum undir Mjóafjarðarheiði eða beint til suðurs yfir í Fannardal.

Bæjarstjórn minnir því enn og aftur á mikilvægi þess, þó ekki sé nema af framangreindum ástæðum, að tekin verði ákvörðun um tímasetningu framkvæmda við Fjarðarheiðargöng. Samkvæmt núgildandi samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Fjarðarheiðargöng verði næsta jarðgang framkvæmd á eftir Dýrafjarðargöngum og því löngu tímabært að ákvarðanir liggi fyrir um upphaf framkvæmda.”